

Nd.

535. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarpingsætum í samræmi við það.

5. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 58. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.